

17.01.2022
Nefndarsvið Alþingis

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð
Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152.
löggjafarþing 2021–2022.**

Frumvarpið er endurflutt, sjá 543. mál á 151. þingi - velferð dýra.

Umsagnaraðilar: Guðrún Erla Hrafnisdóttir, hrossaræktandi
Kolbrún M. Hrafnisdóttir, verkefnastjóri

Við mælum eindregið með samþykki þessa frumvarps í heild sinni og vonum að það nái fram að ganga í þetta sinn.

- Við teljum ekki mögulegt að réttlæta blóðmerahald þar sem það stangast á við niðurstöður erlendra rannsókna og meðferð hryssanna samræmist ekki lögum um dýravelferð.

Komið hefur í ljós að þær rannsóknir sem Ísteka og Mast hafa ítrekað vísað á til að réttlæta blóðmerahald og eiga að sýna að blóðtakan hafi ekki neikvæð áhrif á velferð hryssu, fyls og folalds eru einfaldlega ekki til. Erlendar rannsóknir sýna hins vegar að blóðmagn sem tekið er úr hryssum og tíðni blóðtökunnar er umfram það sem heilsusamlegt er fyrir hryssuna og afkvæmi hennar. Sjá grein Rósu Lífarráðgjafar, lækni, um blóðmerahald á Vísi <https://www.visir.is/g/20212196811d/blod-mera-hald-hvad-segja-visindin->

Teknir eru um 5 lítrar af blóði vikulega, allt upp í 8 vikur í röð. Hryssan þarf því að endurnýja blóðmagn sitt að fullu yfir þetta 8 vikna tímabil þegar hún er hvað viðkvæmust, bæði fylfull og að jafnaði einnig mjólkandi folaldi. Ekki er hægt að finna eina einustu rannsókn sem sýnir að spendýri (hvorki hross né önnur spendýr) finni ekki verulega fyrir því að missa slíkt blóðmagn á svo stuttum tíma. Þá eru unghryssur, niður í 3 vetra, haldið og eru jafnvel notaðar strax í blóðtöku sama ár, ekki búnað að ná fullum líkamlegum né andlegum þroska.

- Tilgangur blóðmerahalds er einnig vafasamur þar sem PMSG hormónið sem unnið er úr blóðinu er aðallega notað til að auka frjósemi svína í verksmiðjubúskap í svokölluðu þaueldi. Bent hefur verið á að til séu kemísk efni sem hafi sömu áhrif og blóðtaka úr hryssum því í raun óþörf.
- Blóðtaka úr hryssum er bönnuð í öllum löndum sem við viljum bera okkur saman við. Hún er aðeins leyfð í Argentínu, Kína og Úrúgvæ þar sem dýravelferðarstig er af allt öðrum toga en hér á landi.
- Íslenski hesturinn er þekktur fyrir sérstöðu sína og nýtur mikilla vinsælda og aðdáunar um allan heim. Miklum fjármunum hefur verið varið í að markaðsetja

Íslenska hestinn og lögð áhersla á frjálsræðið og heilsusamlegu aðstæðurnar sem hann býr við. Blóðmerahald vinnur gegn þeirri ímynd og getur skaðað þann mikla árangur sem náðst hefur í markaðsetningunni, bæði hvað varðar sölu á hrossum til útlanda og ferðapjónustu sem tekur á móti þúsundum ferðamanna sem sækja Ísland heim gagngert vegna íslenska hestsins.

Nauðsynlegt er að frumvarpið nái fram að ganga þar sem iðnaður eins og blóðmerahald samræmist engan veginn lögum um velferð dýra (lög nr. 55/2013).

Guðrún Erla Hrafnisdóttir, Kolbrún M. Hrafnisdóttir